

VIÐAUKI I

Ákvörðun mennta- og barnamálaráðherra um skipun Árneshrepps í umdæmisráð Landsbyggða

Reykjavík 14. apríl 2023
Tilv.: MRN23010158/6.21.1

Ákvörðun

um skipan Árneshrepps í umdæmisráð Landsbyggða

Hér með er Árneshreppur skipaður í umdæmisráð Landsbyggða, sbr. 4. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Aðild Árneshrepps í umdæmisráði lýtur öllum þeim forsendum sem koma fram í samningi um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða að undanskilinni 3. mgr. 1. gr. samningsins.

Skipunartími Árneshrepps í ráðið er frá 15. apríl 2023 til 31. desember 2027, sbr. 4. mgr. 2. gr. samningsins.

Um kostnað Árneshrepps af starfsemi ráðsins fer skv. 6. gr. samningsins.

Fyrir hönd ráðherra

Anna Tryggvadóttir

Áslaug Magnúsdóttir